

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Áskorun til þeirra sem koma að upplýsingatæknikennslu

Ungmennaráð SAFT skorar á alla þá sem koma að upplýsingatæknikennslu í skólum landsins að stuðla að jákvæðri og öruggri netnotkun barna og ungmenna með því að hjálpa þeim að fóta sig á netinu og fræða þau um ýmsar hættur sem þar leynast.

Við hvetjum ykkur til að fara í eftirfarandi atriði með nemendum ykkar er varða góða netsíði:

- Fara varlega með persónulegar upplýsingar (nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang).
- Að lykilorð eru einkamál.
- Fara varlega í samskiptum við ókunnuga á netinu. Því miður er til aðilar á netinu sem eru aðrir en þeir segjast vera og reyna að koma á sambandi við börn og ungmenni.
- Að koma upplýsingum um ólöglegt efni eða skaðlega hegðun til réttra aðila í gegn um [ábendingahnapp](#) á heimasíðu SAFT.
- Að skoða efni með gagnrýnum hætti – það ekki er allt satt sem finnst á netinu.
- Hugsa áður en við deilum og muna að orðum fylgir ábyrgð: vanhugsuð ummæli og myndbirtingar geta skaðað okkur sjálf og aðra.
- Temja sér kurteisi og nærgætni í samskiptum á netinu og muna að það sem við segjum og gerum hefur áhrif á raunverulegt fólk. Rafrænt einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Enginn á að lesa einkasamskipti annarra eða birta meiðandi myndir eða texta um aðra.

Einnig hvetjum við ykkur til að gera upplýsingatækninám eins hagnýtt (s.s. skjalagerð, leit traustverðra heimilda, bókhald) og skapandi (með sköpun stafræns efnis s.s. mynda, myndbanda eða efnis sem hægt er að útbúa til prentunar) og kostur er og bjóða þeim sem hafa áhuga á að kafa dýpra upp á að vinna með vélbúnað, uppsetningu hugbúnaðar og forritun.

Til glöggvunar má lesa sig til um [hættur á netinu](#) á heimasíðu SAFT og gefa góð ráð með hliðsjón af [Netorðunum 5](#). Einnig er hægt að fræðast nánar um [ungmennaráðið](#).

F.h. ungmennaráðs SAFT

Hafþór Freyr Líndal, ritari og fjölmiðlafulltrúi Ungmennaráðs SAFT

Sími: 821 - 2843; netfang: msnarinn@gmail.com

